

Tal og tjáning I  
Munnlegt lokapróf – 45%  
7. og 8. desember 2023

1. Almennt

Heilsa / kveðja

Hvað segirðu? / Hvað segir þú gott í dag?

En þú?

Hvaða dagur er í dag?

Hvað er klukkan?

Hvernig líður þér í dag?

(T.d. Ertu þreyttur / þreytt núna?)

Ertu glaður / glöð / glatt?

Ertu stressaður / stressuð / stressað?)

2. Um þig

Segðu frá sjálfum þér / sjálfri þér / sjálfu þér.

(T.d. Hvað heitirðu?)

Hvaðan ertu?

Hvenær áttu afmæli?

Hvæða ár ertu fæddur / fædd / fætt?

Hvar býrðu?

Hvert er heimilisfangið þitt?

Hvert er húsnúmerið hjá þér?

Hvað er síminn hjá þér?

Hvað ertu gamall/gömul/gamalt?

Hver er kennitalan þín?)

Hvernig persónuleiki ert þú?

Hvað langar þig að gera í framtíðinni?

(T.d. Hvað langar þig til að læra?)

Hvar langar þig til að vinna?

Hvert langar þig til að ferðast?)

### 3. Fjölskyldan

Segðu frá þér og fjölskyldu þinni.

(T.d. Hvað heitir pabbi þinn? Hvenær á pabbi þinn afmæli?

Hvað heitir mamma þín? Hvenær á mamma þín afmæli?

Áttu systkini? Hvað heita þau? Hvað eru þau gömul?

Ertu giftur / gift? Hvað heitir maki þinn?

Áttu börn? Hvað heita þau? Hvað eru þau gömul?)

Áttu fjölskyldu á Íslandi?

Áttu gæludýr?

### 4. Á Íslandi

Hvernig líkar þér á Íslandi? / Hvernig líður þér á Íslandi?

Hvenær komstu til Íslands?

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera á Íslandi?

### 5. Daglegt líf

Segðu frá venjulegum degi í lífi þínu. / Hvað gerir þú á hverjum degi?

(T.d. Hvenær vaknar þú? / Hvenær ferð þú á fætur?

Drekkur þú kaffi til að vakna? / Drekkur þú kaffi á morgnana?

Ertu að vinna? / Ertu í skóla?

Klukkan hvað byrjar þú í vinnunni / skólanum?

Hvenær ertu búinn / búin í vinnunni / skólanum?

Hvernig ferðu í vinnuna / skólann?

Gengur þú í skólann? Ferðu hjólandi? Tekurðu strætó?

Keyrir þú bíl?

Klukkan hvað ferðu að sofa?)

Slappar þú stundum af?

(T.d. Hvenær slappar þú af?

Hvernig slappar þú af?

Sefur þú út um helgar?

Sefur þú vel á nóttunni?)

## 6. Matur

Hvað borðar þú í morgunmat / hádegismat / kaffinu / kvöldmat?

Hvað ætlar þú að hafa í matinn í kvöld?

(T.d.) Eldar þú stundum kvöldmatinn?

Hvað er til í ísskápnum heima hjá þér?

Hvað þarftu að kaupa í matinn fyrir kvöldið?

Hvar kaupir þú inn?)

Hefurðu smakkað íslenskan mat? / Hvernig finnst þér íslenskur matur?

(T.d. skyr / harðfiskur / íslensk kjötsúpa / þorramatur / lambakjöt / hákarl)

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

(T.d. Finnst þér pasta gott?

Finnst þér kjúklingur góður?

Finnst þér súpa góð?

Borðarðu fisk?

Ertu grænmetisæta?

Borðar þú nammi / sælgæti?)

## 7. Kaffihús og veitingahús

Ferðu stundum á kaffihús?

(T.d. Hvað er uppáhaldskaffihúsið þitt?

Hvað færðu þér á kaffihúsinu?)

Ferðu stundum á veitingahús?

(T.d. Hefurðu farið á veitingahús á Íslandi?

Hvað færðu þér venjulega að borða?

Hvað færðu þér venjulega að drekka með matnum?

Hvenær fórstu síðast á veitingahús og með hverjum?

Hvað fékkstu þér að borða?

Finnst þér skemmtilegra að elda heima eða að borða á veitingahúsi?)

## 8. Hvað og hvort?

Hvað varst þú að gera?

(T.d. Hvað varst þú að gera áðan?

Hvað varst þú að gera í gær?

Hvað varst þú að gera í fyrradag?

Hvað varst þú að gera um helgina?

Hvert fórst þú í gær?

Fórst þú í göngutúr í gær?

Fórst þú í bíó um helgina?)

Hvað ætlar þú að gera?

(T.d. Hvað ætlar þú að gera á eftir?

Hvað ætlar þú að gera í kvöld?

Hvað ætlar þú að gera á morgun?

Hvað ætlar þú að gera um næstu helgi?

Hvað ætlar þú að gera eftir prófin?

Hvað ætlarðu að gera um jólin?

Hvað ætlar þú að gera í vetrur?

Hvert ætlar þú að fara á eftir?

Hvað ætlar þú að gera þar?

Hvert ætlar þú að fara í kvöld?

Hvað ætlar þú að gera þar?

Hvert ætlar þú að fara um jólin?

Hvað ætlar þú að gera þar?)

Hvað langar þig að gera?

(T.d. Hvað langar þig að gera á morgun?

Hvað langar þig að gera um jólin?

Hvað langar þig að gera eftir prófin?

Hvert langar þig að fara í næstu viku?

Hvað langar þig að gera þar?

Hvert langar þig að fara um jólin?

Hvað langar þig að gera þar?)

## 9. Veður og árstíðir

Hvernig finnst þér veðrið á Íslandi?

Hvernig er veðrið núna?

Hvernig er veðrið í heimalandi þínu núna / á vorin / sumrin / haustin / veturna / á þurrkatímabilinu / á rigningartímabilinu?

Hvaða veður finnst þér best?

Af hverju?

Hvaða veður er verst?

hross t og blautt

Af hverju?

Hver er uppáhaldsárstíðin þín (/ árstíminn þinn)?  
*season*

Af hverju?

Hvað gerir þú oftast á vorin / sumrin / haustin / veturna / á þurrkatímabilinu / á rigningartímabilinu í heimalandi þínu?

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera á vorin / sumrin / haustin / veturna / á þurrkatímabilinu / á rigningartímabilinu?

#### 10. Frítíminn

Hvað gerir þú um helgar?

(T.d. Ferðu stundum í heimsókn?)

Býður þú oft fólki í mat?

Ert þú í tölvunni?

Ertu mikið í símanum?

Hvað skoðar þú á netinu?

Spilarðu tölvuleiki?)

Hvað gerir þú á kvöldin?

(T.d. Horfir þú á sjónvarpið?)

Prjónar þú?

Lestu bók?)

#### 11. Segðu frá áhugamálum þínum

Hvað finnst þér gaman / skemmtilegt / spennandi að gera?

Á hverju hefur þú áhuga?

(T.d. Finnst þér gaman að horfa á sjónvarpið á kvöldin?)

Finnst þér gaman að fara í leikhús?

Finnst þér gaman að fara í bíó?

Finnst þér gaman að ferðast?

Finnst þér gaman að fara á hestbak?

Finnst þér gaman að fara á bar?

Finnst þér gaman að læra íslensku?

Finnst þér gaman að tefla?

Finnst þér gaman að fara í heimsókn um helgar?

Finnst þér gaman að dansa?)

Hefur þú áhuga á íþróttum?

(T.d. Hleypur þú stundum?

Ferðu stundum í fjallgöngu?

Ferðu í jóga?

Finnst þér gaman að fara í sund?

Horfir þú á íþróttir?

Spilarðu fótbalta?)

Hefur þú áhuga á tónlist?

(T.d. Hvernig tónlist hlustar þú á?

Finnst þér gaman að hlusta á klassísku tónlist?

Ferðu stundum á tónleika?

Spilar þú á hljóðfæri?)

Hvað finnst þér leiðinlegt / erfitt að gera?

## 12. Viðtalið

Segðu frá viðtalinu og manneskjunni sem þú talaðir við

(T.d. Hvernig lítur hann / hún / hán út?

Hvernig persónuleiki er hann / hún / hán?

Um hvað töluðuð þið?

Hvernig gekk þér að tala íslensku?)